

FJÓRÐI ÁRSFJÓRÐUNGUR (10-12 mánaða)

Mörg börn byrja að skríða um eða ferðast á rassinum á þessum aldri. Þau fara líka að reisa sig upp, toga sig upp á fæturna og síðan að ganga með.

Þarna breytist gripið líka úr „þverhandargripi“ (þ.e. gripið með öllum lófanum) í fingragrip.

Þau nota vísifingur mikið, pota í allt og rannsaka smæstu atriði til hlítar, „ryksuga“ með vísifingri og þumli allt það smæsta á gólfí.

Ekkert fer fram hjá þeim og að lokum hafnar það í munnum sem litlum fingrum tekst að klófesta, því enn er hann notaður til könnunar.

Í leik kemst barnið í kynni við víddir, t.d. dýpt skúffunnar.

Undir rúmi og borði uppgötvast fjarlægð og hæð.

Það er spennandi að apa eftir, reyna við orðaþrautir eins og ma-ma, pa-pa.

Barnið er með á nótunum í smáleikjum, „hvað ertu stór?“, „klappa saman lófunum“, „veifa“ og þess háttar.


Nú uppgötvar barnið að það er hægt að vekja á sér athygli með öðrum hætti en skríkja.

Það er hægt að brosa, hlæja, slá í borðið og henda dóti í gólfíð. Með því fær það þann fullorðna til að leggja við hlustir og koma.

Barnið þarfnað samneytis, það vill að minnsta kosti sjá fólk í kringum sig og helst ná augnsambandi. Það er mikil félagsvera.

Þó er ekki allt sem vekur kátínu. Vilji barnsins er að mótað og sé gengið í berhögg við hann lætur það sterkelega í ljós að því er misboðið.

Það er þó mjög auðvelt á þessum aldri að lægja öldurnar með því að vekja athygli barnsins á einhverju öðru og þá er stutt í brosið.



Hvatning: Vera saman, njóta litlu manneskjunnar sem er að fá meiri og meiri skilning á heiminum.
Tala saman, syngja, lesa, leika, dansa, hrósa, ýta undir.

Málskilningur, daglegar þarfir, leysa þrautir:

Bendibók, þulur, látbragðssöngvar/dansar. Klappa saman lófunum, veifa bless, „hvar er ljósið?“, dýrahljóð, þekkja líkamshluta á sér og öðrum.

Gott að nota tuskudúkku/bangsa til að hnoðast með, þykja vænt um, kyssa, læra hvar augu, nef og munnur eru.


Fara í sendiferðir, „gefa mömmu boltann“.

Hjálpa til við að klæða sig í og úr, hafa orð á því sem gert er í leiðinni: „Réttu fram fótinn. Klæða sig í skóinn“. Drekka með röri, halda á skeið þegar það er matað.

Leysa einfaldar þrautir, t.d. með dollum: stafla, raða, rúlla, uppgötva dýpt, setja eitthvað ofan í/taka aftur upp úr.

Hreyfa sig: Skríða/bera sig um, styrkja líkamann almennt sem undirbúning undir göngu.

Ganga með, leiða með báðum höndum, annarri hendi til að fá aukna tilfinningu fyrir jafnvægi og styrkja mjaðmir og fótleggi.




Gátlistar 10 - 12 mánaða

10 mánaða

Grófhreyfingar

Ruggar sér á fjórum fótum.
Skríður á fjórum fótum fram og aftur.
Togar sig á fætur með því að taka í húsgögn.
Tekur skref á staðnum og til hliðar.
Gengur með.



Fínhreyfingar

Potar í smáhluti með vísifingri.
„Ryksugar“ upp í sig allt það smæsta sem á vegi þess verður.
Tekur smáhluti upp með vísifingri-þumli, fremstu kjúkur, „skærugrip“. Virðist bera saman two kubba sem það heldur á.

Sjálfshjálp

Hjálpar til við að klæða sig, réttir út arma í ermar og fætur í skó.

Samskipti


Klappar saman lófunum, hermir „bless“, „hver er týnd/týndur?“. Endurtekur það sem hlegið er að. Byrjar að skilja hrós.

Leikur

Tekur kubb úr dollu, setur ofan í. Lyftir loki af dós þegar búið er að sýna það. Danglar hring í bandi.

Málþroski

Skilur „nei“. Mama, babba. Skilur „hvar er pabbi?“, „hvar er mamma?“, „hvar er ljósið?“. Réttir fram kubb án þess að sleppa, þegar sagt er „takk“.



11 mánaða

Grófhreyfingar

Getur stigið í aðra ilina þegar það skríður („hálfknéskríðandi“).

Gengur þegar haldið er í báðar hendur.

Fínhreyfingar

Réttir fram kubb og sleppir („takk“).

Tekur rúsínu með fingurgómum vísifingurs og þumals, „tangargrip“.

Sjálfshjálp

Hjálpar til við að drekka, borðar sjálft tvíböku.

Samskipti

Skilur nokkur einföld boð með bendingu.

Kemur þegar kallað er á það.

Hristir höfuð þegar það meinar NEI.

Hættir smástund því sem er bannað.

Gaman að bókum, gaman að láta lesa fyrir sig.

Leikur

Togar bíl í bandi til sín.

Finnur hlut undir dós, kastar dóti af ásetningi.

Rúllar bolta á milli.

Málþroski

Eitt orð með merkingu.

12 mánaða

Grófhreyfingar

Gengur á höndum og fótum með rassinn út í vindinn.

Gengur áfram ef haldið er í aðra hönd.

Fyrstu skrefin.

Fínhreyfingar

Opnar lófann í samræmi við stærð hlutar.

Tekur með annarri hendi tvo litla kubba, getur haldið á þremur með báðum höndum.

Stingur rúsínu niður í stút á flösku.

Staflar tveimur kubbum hvorum ofan á annan.

Hendir dóti í gólf hvað eftir annað.

Sjálfshjálp

Drekkur sjálft úr bolla.

Reynir að borða sjálft með skeið.

Samskipti

Skilur t.d „hvar er skórinn?“. Sýnir.

Sækir bolta, dúkku o.fl. við hvatningu (sendiferðir).

Réttir fram leikfang og sleppir „takk“.

Leikur

Næstum hætt að athuga dót með munnum.

Hefur áhuga á bílum.


Skilur eltingaleik.

Málþroski

Segir a.m.k. þrjú orð með merkingu.

Skilur mörg orð.

Næstum hætt að slefa.



Verum á varðbergi ef barnið er ekki farið að...

sitja með góðu jafnvægi, ferðast um, slá saman kubbum, leika hermileiki (s.s. klappa, veifa), þegar það er orðið...

10 mánaða

tosa sig upp til að standa, nota vísingur á móti þumli, tína kubba ofan í dollu, skilja einstaka orð, þegar það er orðið...

12 mánaða